



## 436. Stjórnarfundur haldinn 16. okt. 2014 kl:16:30

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB).

Fjarverandi: Birgir Ingibergsson (BI).

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ, Leiðtogasólarhringur. *Móttekið og áframsent á deildir í tölvupósti.*

Afrit af tölvupósti frá Stefáni Bjarkasyni sviðsstjórna íþrótt- og tómstundasviðs RNB til formanns fimleikadeildarinnar v/reksturs á íþróttakademíunni. *Móttekið.*

Undirritaður leigusamningur á milli Keflavíkur og Hæfingarstöðvarinnar liggur fyrir.

Boðsbréf til formanns vegna eitthundrað ára afmælis HSP. *Áveðið að senda þeim heillaskeyti.*

Tölvupóstur frá Ívari vegna Sportsamskipta. *Móttekið.*

Afrit af bréfi frá taekwondodeild til íþrótt- og tómstundaráðs RNB vegna stækkunar á æfingaraðstöðu. *Móttekið.*

Bréf frá UMFÍ vegna úthlutunar úr fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Aðalstjórn úthlutað eitthundrað þúsund krónur í skyndihjálparnámskeið.

### 3. Send bréf.

Tölvupóstur sendur á stjórnir deilda til að minna á að skila greinum í jólablað Keflavíkur 2014.

Bréf sent í tölvupósti til UMFÍ bt. fræðslu- og verkefnasjóðs vegna Keflavíkurdags.

Bréf sent í tölvupósti á forstöðumann íþróttahússins við Sunnubraut vegna merkingar á félagsheimili og afrit á Stefán Bjarkason sviðsstjóra íþrótt- og tómstundasvið RNB.

### 4. 39. Sambandsráðsfundur UMFÍ.

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn 11. október 2014 í Garðabæ. EH mætti. EH fór yfir þær tillögur sem fram komu á fundinum, en hæst bar nefndarvinna vegna umsóknar íþróttabandalaganna í UMFÍ og breyting á reglugerð landsmóta. Þessum tveimur málum var vísað aftur til stjórnar og henni falið að vinna áfram í málinu og kynna svo niðurstöður fyrir aðildarfélögum fyrir næsta þing UMFÍ.

### 5. Keflavíkurdagur.

Keflavíkurdagurinn var haldinn 11. október 2014 í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Vel tókst til og á þriðjahundrað manns komu. Uppgjör liggur fyrir fundinum. Fundað verður með nefndinni í næstu viku og farið yfir daginn hvernig til tókst. *Aðalstjórn vill þakka öllum þeim aðilum sem komu að undirbúning, styrktaraðilum og öðrum þeim sem tóku þátt í deginum með okkur. Kærar þakkir.*

### 6. Jólablað Keflavíkur.

Halldór Leví Björnsson hefur tekið að sér að taka opnuviðtalið. Stefnt að því að blaðið komi út í fyrstu viku desember 2014. Farið verður í að safna auglýsingum í næstu viku.

### 7. Önnur mál.

EH afhenti stjórnarmönnum stuðningsmannkort á körfuknattleiksleiki Keflavíkur.

Sveinn Björnsson hefur reifað þá hugmynd að fá skápa úr íþróttakademíunni flutta í íþróttahúsið við Sunnubraut til að geyma búninga. Ekki hefur komið formleg beiðni frá stjórn körfuknattleiksdeild.

Tilboð í balllestir fyrir ljós í sal er komið og málið er í farvegi.

Ákveðið að óska eftir því að fá að koma inn á stjórnarfundum deilda og byrja á skotdeild.

BMB óskaði eftir því að húsnefnd yrði endurvakin. Fundarmenn sammála BMB.





Frh. 436. Stjórnarfundur haldinn 16. okt. 2014 kl:16:30

## 7. Önnur mál.

Umræður um félagsheimilið.

KG spurðist fyrir um dúka. EH svaraði að það væri komið í ferli og vonandi kæmu þeir fyrir áramót.

BS sagði frá grein sem birtist í Víkurfréttum 14. október sem bar yfirskriftina „*Hvar væri best að setja niður tjaldstæði?*“

– *Reykjanesbær skoðar sjö svæði undir tjaldstæði.*“

ÞMK kom með tillögu um að senda bréf til Guðlaugs H. Sigurjónssonar framkvæmdarstjóra umhverfis- og skipulagssviðs vegna fréttar sem birtust í Víkurfréttum vegna tjaldstæða til að áréttta að fyrir liggur samningur á milli Keflavíkur íþróttasvæðis og ungmennafélags og Reykjanesbæjar um fyrirkomulag og umráðarétt af íþróttasvæðinu við Hringbraut ásamt yfirlýsingu bæjarráðs Reykjanesbæjar frá 11. september 2008 um að samþykki félagsins þarf til allra bygginga á svæði félagsins við Hringbraut.

***Samþykkt og framkvæmdastjóra falið að senda bréf.***

Næsti fundur er 30. október kl. 18:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:15

Fundinn ritaði BS

